

Föstudaginn 7. nóvember 1997.

Nr. 452/1997.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Heiðari Þór Guðmundssyni**

(Helgi Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1997.**

Ár 1997, þriðjudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, óstaðsettum í hús, en með dvalarstað að Meðalholti 11, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli því, sem ríkissaksóknari hefur höfðað á hendur honum, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 17. desember 1997 kl. 16.00, vegna grunar um brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra á hendur ákærða var gefin út 25. september sl., þar sem honum er

gefið að sök að hafa gerst sekur um stórfellda líkamsárás, sem teljist varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákær- unni er ákærði sakaður um að hafa slegið Jósef Gunnar Ingólfsson hnefa- högg í andlit og síðan hrint honum aftur á bak með báðum höndum, svo að Jósef Gunnar féll inn á salernið í gólfið og skall með hnakkann á flísalagð- an stokk, sem þar er á gólfi, allt með þeim afleiðingum, að Jósef Gunnar hlaut mikla áverka af. Jósef Gunnar er enn rúmliggjandi á sjúkrahúsi, og er mjög óvíst um batahorfur hans. Hann gerir sér hvorki grein fyrir stund né stað og mun þurfa langa endurhæfingu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Jósef Gunnar eitt hnefahögg í andlit.

Ákærði mótmælti kröfunni um gæsluvarðhald, og var af hans hálfu vísað til 3. töluliðar 5. gr. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Mál ákæruvaldsins á hendur ákærða var þingfest 2. október sl., og var aðalmeðferð ákveðin í málinu 27. október sl. Þann dag kom í ljós, að aðeins örfá vitni voru viðstödd, og var aðalvitni málsins m. a. fjarstatt. Aðalmeð- ferð var því frestað til 14. nóvember nk. kl. 9.30.

Framburður vitna í rannsóknargögnum er í meginatriðum á þá leið, að sést hafi til ákærða slá Jósef Gunnar með krepptum hnefa í andlit og hrinda honum, svo að höfuð hans hafi skolið á flísalagðan kant undir vaski á sal- erni veitingahússins.

Af læknisvottorði er ljóst, að áverkar Jósefs Gunnars eru slíkir, að leitt geti til stórfellds líkams- eða heilsutjóns. Kann ákærði, ef sök sannast, að hafa gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast verður á það með lögreglustjóra með hliðsjón af læknisvottorðum, að ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi hér við. Að því virtu verður fallist á kröfu lögreglustjóra um framhald gæsluvarðhalds ákærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði, og þykja ákvæði mann- réttindasáttmála Evrópu ekki standa þeirri niðurstöðu í vegi.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, skal sæta áfram gæsluvarð- haldi, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðviku- dagsins 17. desember 1997 kl. 16.00.